

Eiríkur Rögnvaldsson

Smágrein handa Kristíni

Það er vel þekkt að eignarfall margra margra sterkra kvenkynsorða sem enda á *-u* í þolfalli og þágufalli hefur tilhneigingu til að breytast, þannig að *-u* komi í stað *-ar* og öll aukaföllin verði því eins. Þetta hefur oft verið kennt við svo nefndan **eignarfallsflótt**a sem Helgi Skúli Kjartansson (1979) skrifaði fyrstur um en fleiri hafa síðan skoðað, m.a. Ásta Svavarsdóttir (1994) og Helga Eggertsdóttir (2009). Eignarfallið *Kristínu* er nefnt í báðum síðarnefndu ritunum. Ásta segist oft hafa heyrt þá mynd (1994:9) en enginn samþykkti hana í könnun Helgu (2009:34-35). Helga nefnir þó að þessa eignarfalls gæti „talsvert í tali fólks“ og „einnig gefa leitarniðurstöður á *google.is* svipaðar niðurstöður (þ.e.a.s. nýja eignarfallið er talsvert algengara með nöfnum eins og *Kristín* en með nöfnum eins og *Margrét*)“ (2009:35). Það er rétt að leit að ótvíræðum eignarfallssamböndum eins og *til Kristínu* og *hennar Kristínu* á Google skilar fjölmörgum dæmum. Þar er þó ekki allt sem sýnist því að einnig er til nafnið *Kristína* og *Kristínu* er vitaskuld eðlileg eignarfallsmynd þess, og mörg dæmanna um það. Einnig má búast við áhrifum frá gælunafninu *Stína*.

En endingar annarra aukafalla eru líka á reiki í sumum kvenmannsnöfnum þótt minna hafi verið fjallað um það á prenti. Þannig virðist *-i*-ending vera í sókn á kostnað *-u* í þolfalli og þágufalli. *Margrét* er nú oftast *Margréti* í þessum föllum og *Margrétu* verkar dálítið formlegt eða uppskrúfað (verulegur hluti dæma sem Google finnur um þá orðmynd er úr eldri textum, og *Margréti* virðist vera algengara en *Margrétu* allt frá miðri 19. öld a.m.k., ef marka má timarit.is). Nöfn sem enda á *-rún* (*Bergrún*, *Guðrún*, *Heiðrún*, *Kristrún*, *Sigrún*, *Sólrún* o.fl.) hafa einnig oft *-i*-endingu í þessum föllum, a.m.k. sum hver. Í *Nöfnum Íslendinga* (Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson 1991) er sagt að *-i*-ending í *Guðrún* og *Sigrún* sé staðbundin, og í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls* eru báðar endingarnar gefnar upp í þessum nöfnum. Í 279. þætti Gísla Jónssonar (1985) um Íslenskt mál segir:

Umsjónarmaður hefur ekki heyrt þágufallið *Guðrúni*, en ýmislegt annað sambærilegt, svo sem *Elíni*, *Margréti* og *Kristíni*.

Myndirnar *Elíni* og *Kristíni* eru ekki sýndar í *Beygingarlýsingu íslensks nútímamáls*, og þetta er eina dæmið sem ég hef fundið þar sem aukafallið

Kristíni er nefnt. Fáein dæmi um þessa fallmynd má þó finna á timarit.is – það elsta í vesturíslenska blaðinu *Heimskringlu* frá 1920:

- (1) Og seg *Kristíni* fornvinstúlku minni að henni einni treysti eg til þess að lina og mýkja harma Margrétar minnar.

Þetta eina dæmi gefur þó varla ástæðu til að ætla að hér sé um sérstaka vesturíslenska beygingu að ræða. En næstu dæmi eru frá sjöunda áratug síðustu aldar – (2) úr *Vísi* 1963, (3) úr *Morgunblaðinu* 1966:¹

- (2) Sigurlaug Bjarnadóttir les skáldsöguna „Gestir“ eftir *Kristíni* Sigfúsdóttur.

- (3) Við eignuðumst 2 dætur, *Kristíni* og Ásdísi og afkomendur okkar eru nú 24.

Og síðan koma ekki dæmi fyrr en á síðasta áratug aldarinnar, bæði úr *Morgunblaðinu* – (4) frá 1992, (5) frá 1998:

- (4) Nefnd þessi er skipuð Geir H. Haarde formanni þingflokks Sjálfstæðisflokksins, Páli Péturssyni formanni þingflokks Framsóknarflokksins, Össuri Skarphéðinssyni formanni þingflokks Alþýðuflokksins, Svavari Gestssyni varaformanni þingflokks Alþýðubandalagsins og *Kristíni* Ástgeirsdóttur formanni þingflokks samtaka um Kvinnalista.

- (5) Allar nánari uppl. hjá *Kristíni*, s. **, Auðbjörgu, s. ** og Gunnari, s. **.

Þessi dæmi eru vitanlega alltof fá til að hægt sé að draga miklar ályktanir af þeim. Það er samt engin ástæða til annars en ætla að þau beri vott um raunverulega málnotkun en séu ekki prentvillur – a.m.k. ekki öll. Það sýna orð Gísla Jónssonar (1985) sem vitnað var til hér að framan, svo og sá fjöldi dæma

¹ Reyndar skilar leitarvélina á timarit.is einu dæmi til viðbótar frá sjöunda áratugnum – úr *Alþýðublaðinu* 6. júní 1969. Svo skemmtilega vill til að þar er um að ræða viðtal við *Kristínu* nokkra Bjarnadóttur sem sögð er „ein af mörgum, sem nú lesa til stúdentsprófs“ en „lætur ekki þar við sitja“ því að „[í] miðju upplestrarfríi tók hún burtfararpróf í ballett frá Þjóðleikhúsinu“ og „meðan prófin standa yfir, tekur hún þátt í balletsýningum Þjóðleikhússins“. Það hefði ekki verið ónýtt að geta tilfært dæmi um *Kristíni* úr þessu viðtali, en því miður reyndist um skönnunarvillu að ræða – í blaðinu stendur skýrt og greinilega *Kristín* (enda nefnifall á ferðum í því tilviki).

úr nútímamáli sem Google skilar. Leitarvélin segist finna þúsundir síðna með *Kristíni* en talsverður hluti þeirra er um eitthvað annað (t.d. *Kristini*, þágufall af *Kristinn* án brottfalls). Þarna eru t.d. sex dæmi af Vísindavefnum:

(6) Hvert er upphaf algebru og hvenær barst hún til Evrópu? eftir Kristíni Bjarnadóttur. (<http://visindavefur.hi.is/svar.php?id=8701>)

Einnig má finna dæmi á vef opinberra stofnana og fyrirtækja eins og Ríkiskaupa, Grunnskólans í Borgarnesi og Sorpu:

(7) Meðal fyrirlesara á ráðstefnunni má nefna Þorsteinn I. Sigfússon, forstjóra Nýsköpunarmiðstöðvar Íslands, Kristíni Lindu Árnadóttur, forstjóra Umhverfisstofnunar og Þórólf Árnason, forstjóra Skýrr. (<http://www.rikiskaup.is/fraedsla/frettalisti/nr/550>)

(8) Í dag fór 10. bekkur ásamt umsjónarkennara sínum Kristíni Einarsdóttur og Hilmari aðstoðarskólastjóra upp að Borg að gróðursetja. (<http://www.grunnborg.is/frettir-a-forsidu/nr/71930/>)

(9) Björn H. Halldórsson, framkvæmdastjóri SORPU, afhenti Kristíni Helgu, umsjónarmanni Konukots styrkinn. (<http://www.sorpa.is/fjolmidlarasin/frettir/194/Iolakortastyrkur-SORPU-rann-til-Konukots/default.aspx>)

En langflest eru dæmin þó af bloggsíðum og öðrum óformlegum vettvangi og bendir það til þess að hér sé um að ræða nýjung sem enn sé einkum bundin við talmál.

(10) Stuttu síðar átti Málfríður Erna frábæra fyrirgjöf inná Kristíni Ýr sem tók flugskalla og setti hann í netið

(11) og fór svo aftur til hennar og var hjá Kristíni næstum allan daginn

(12) Drögum Kristíni með eftir áramót!

(13) Fór í bæinn og kíkti út að borða með Aldísi og Kristíni og kíktum svo í bíó

(14) Þegar ég kom heim þá hringdi ég í Kristíni og var að tala við hana

Víkjum nú aftur að eignarfallinu. Í könnun Helgu Eggertsdóttur (2009:37) samþykktu þrír af átta málhöfum eignarfallið *Unni* af *Unnur*. Enginn samþykkti hins vegar eignarfallið *Margréti* af *Margrét*. Nokkur dæmi um *Unni* og *Margréti* í eignarfalli finnast þó með Google (sjá einnig Helga Eggertsdóttir 2009:9):

- (15) Og svo átti bréfið til Unni Birnu að hljóma svona:
- (16) Ætla að skella mér í sturtu og skríða uppí til Unni minnar.
- (17) Ég hef líka skoðað þitt myspace þótt ég þekki þig ekki, gegnum síðuna hennar Margréti Rán
- (18) Sá þetta á síðunni hennar Margréti Jónasar og þetta er BARA SNILLD!!!

Það er þó augljóst að dæmin um eignarfallsmyndina *Margréti* eru hlutfallslega mun færri en dæmin um *Unni* í eignarfalli, sé litið til tíðni nafnanna í málinu. Stakdæmi má svo finna um eignarfallsmyndirnar *Guðrúni* og *Sigrúni*:

- (19) en eg for til Guðruni kl 6 og við vorum bara gera okkur tilbunar mála okkur og sona
- (20) Óþolandi þegar fólk kann ekki að fallbeygja nöfn barna sinna. Þekki eina sem á dóttur sem heitir Sigrún og hún segir um Sigrúni, frá Sigrúni til Sigrúni.

Ég hef hins vegar ekki fundið neitt dæmi um *Kristíni* sem eignarfallsmynd.

Þennan mun á tíðni má tengja aldri *-i*-endingar. Nú er það auðvitað svo að *Unnur* hefur *-i* í þolfalli og þágufalli frá fornu fari, en *-i*- í þessum föllum í *Margrét* er nýjung (en þó orðin allgömul, a.m.k. frá miðri 19. öld skv. OHR og timarit.is). Elstu dæmi um *Guðrúni* og *Sigrúni* í þolfalli/þágufalli á timarit.is eru frá því kringum aldamótin 1900, en myndin *Kristíni* í þolfalli og þágufalli virðist svo vera mun yngri og sjaldgæfari eins og áður segir.

Þarna virðist því vera um tvær tilhneigingar að ræða. Annars vegar að *-i* komi í stað *-u* í þolfalli og þágufalli kvenmannsnafna. Þessarar tilhneigingar er a.m.k. farið að gæta um miðja 19. öld en virðist koma fram í fleiri og fleiri nöfnum – jafnvel flestum sterkum kvenmannsnöfnum. Auk þeirra sem nefnd eru hér að framan má nefna *Ingibjörg*, en nokkur dæmi frá seinustu árum um *Ingibjörgi* má finna á netinu. Í sjálfu sér er þessi tilhneiging ekkert óeðlileg;

mörg kvenmannsnöfn hafa haft *-i* í þolfalli og þágufalli frá fornu fari og tilhneiging sérnafna til að fara eigin leiðir er vel þekkt.

Hins vegar er sú tilhneiging að þolfall og þágufall hafi áhrif á eignarfall. Hingað til hefur þessi tilhneiging eingöngu verið tengd við endinguna *-u* sem leggur undir sig eignarfallið á kostnað *-ar*. Þannig segir Ásta Svavarsdóttir (1994:9):

[...] mætti líta á breytt eignarfall orða eins og *breyting* og *Kristín* sem samræmisbreytingu fyrir áhrif frá ríkjandi beygingarmunstrum. Þau áhrif virðast þó ekki duga ein sér því fleiri kvenkynsorð fylgja sama munstri án þess að sömu tilhneingar verði vart í þeim. Það eru orð sem hafa endinguna *-i* í þolfalli og þágufalli, einkum kvennöfn eins og *Hildur* og *Margrét*. Þar af leiðandi verður að líta svo á að tilvist *-u* sem eignarfallsendingar í veikum kvenkynsorðum ýti undir breytinguna.

En ekki verður betur séð en sama tilhneigingin sé að verki í nöfnum sem hafa *-i* í þolfalli og þágufalli, hvort sem það *-i* er fornt eða nýlega til komið. Í þeim nöfnum þar sem *-i* er nýjung í þolfalli og þágufalli virðist það koma seinna inn í eignarfallið eins og fram hefur komið. Þó verður að slá þann varnagla að dæmin eru víðast fá, og vegna þess að eignarfallið er mun sjaldgæfara en hin föllin (sjá Jörger Pind, Friðrik Magnússon og Stefán Briem 1991) er varasamt að draga miklar ályktanir af því þótt dæmi um það finnist ekki.

Hér má benda á að *-i* er til fyrir sem eignarfallsending í kvenkynsorðum – í orðum sem enda á *-i* í nefnifalli og eru því eins í öllum föllum; *lygi*, *ævi*, *fræði*. Þessi orð eru vissulega „fremur fá“ segir Guðrún Kvaran (2005:240). Annar flokkur kvenkynsorða endar á *-i* í nefnifalli (og þolfalli og þágufalli) en hefur *-ar*-endingu í eignarfalli; það er orð eins og *heiði*, en „[a]lgeng orð sem beygjast eins“ eru *byrði*, *ermi*, *eyri*, *helgi*, *meri*, *mýri*, *veiði*, *öxi*, segir Guðrún (2005:234). Mörg þessara orða fá þó oft *-i*-eignarfall, einkum með greini (*eyrinnar*, *mýrinnar*), og *byrði* og *veiði* hafa mun oft *-i* en *-ar* í eignarfalli. Þarna má hugsa sér bæði áhrif frá öðrum föllum (sem öll enda á *-i*) og öðrum beygingarflokki (þar sem *-i* er í eignarfalli, þ.e. orð eins og *lygi*).²

² Reyndar er þetta ekki alveg sambærilegt við það þegar orð eins og *breyting* og *Kristín* fá *-u* í eignarfalli því að hér hefur nefnifallið líka sömu endingu, þ.e. *-i*. En jafnvel í orðum eins og *brúður*, þar sem nefnifallið er öðruvísi, kemur þetta fyrir:

- (i) Eins og í sumar þegar við vorum í brúðkaupi og brúðguminn kom upp og söng til brúði sinnar.
- (ii) er það ekki móðir brúðinnar sem borgar þann pakka eða hvernig var það?

Þessi breytingu á eignarfalli er einfalt að lýsa í því þáttakerfi sem Eiríkur Rögnvaldsson (1990) setur fram. Breytingin felst í báðum tilvikum í því að sérstök regla fyrir eignarfall fellur brott en regla fyrir þolfall og þágufall yfirtekur eignarfallið og einfaldast við það (sjá einnig Helgu Eggertsdóttur 2009). Þáttakerfið lýsir því breytingunni sem verulegri einföldun sem kemur fram bæði í fækkun reglna og fækkun beygingarþátta. Hitt er svo annað mál að þáttakerfið út af fyrir sig skýrir ekki að hliðstæðrar breytingar gæti á eignarfalli orða sem hafa *-u* í þolfalli og þágufalli annars vegar og þeirra sem hafa *-i* í þessum föllum hins vegar. Eftir sem áður þarf mismunandi beygingarreglur fyrir orð sem hafa *-u* í aukaföllum og þau sem hafa *-i* og kerfið eins og það er sett upp hjá Eiríki Rögnvaldssyni (1990) býður ekki upp á nein sérstök tengsl á milli beygingarreglna sem gætu skýrt þetta. Það er augljóslega galli á kerfinu, en úr honum verður ekki bætt hér og nú.

Ég tel þó óhætt að slá því föstu að ein og sama breytingin sé á ferðum; sú tilhneiging að sérhljóðsending þolfalls og þágufalls hafi áhrif á eignarfall geti komið fram í sterkum kvenkynsorðum hvort sem sérhljóðið er *-u* eða *-i*. Þessi tilhneiging spilar svo saman við þá tilhneingingu sem kvenmannsnöfn hafa til að fá *-i* í stað *-u* í aukaföllum. *Kristín* verður fyrir báðum þessum tilhneigingum – menn *fara til Kristínu og hitta Kristíni*. Hins vegar verður ekki enn séð að *Kristín* verði fyrir báðum tilhneigingum í einu – ég veit ekki til þess að neinn *fari til Kristíni*. En ég gæti trúað að það yrði fyrir næsta stórafmæli.

Ritaskrá

- Ásta Svavarsdóttir. 1994. Enn um eignarfallsflóttu. *Jónína* hans Jóns G. Friðjónssonar 24. ágúst 1994, s. 7-13. Reykjavík.
- Beygingarlýsing íslensks nútímamáls. Ritstj. Kristín Bjarnadóttir. Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Reykjavík. [Sótt 4. janúar 2010 á <http://bin.arnastofnun.is>]
- Eiríkur Rögnvaldsson. 1990. *Íslensk orðhlutafræði*. Kennslukver handa nemendum á háskólastigi. Málvísindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.
- Gísli Jónsson. 1985. Íslenskt mál. 279. þáttur. *Morgunblaðið* 16. mars, s. 28.
- Guðrún Kvaran. 2005. *Orð*. Íslensk tunga II. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson. 1991. *Nöfn Íslendinga*. Heimskringla, Reykjavík.
- Helga Eggertsdóttir. 2009. *Eignarfallsflótti*. Ritgerð til B.A.-prófs í íslensku, Háskóla Íslands, Reykjavík. [Varðveitt á www.skemman.is.]
- Helgi Skúli Kjartansson. 1979. Eignarfallsflótti. Uppástunga um nýja málvillu. *Íslenskt mál* 1:88-95.
- Jörgen Pind (ritstj.), Friðrik Magnússon og Stefán Briem. 1991. *Íslensk orðtíðnibók*. Orðabók Háskólans, Reykjavík.
- OHR = Ritmálsseðlasafn Orðabókar Háskóla Íslands (nú Orðfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum), Reykjavík.